

# Skóla-akur

Vefrit um skólamál 7. tbl. 11. árgangur 2. nóvember 2017

## Erasmus samstarfsverkefnið í Síðuskóla.

Erasmusverkefnið Traces of Europe sem Síðuskóli er hluti af er nú hálfnað. Við erum í samstarfi við skóla í Rúmeníu, sem sérhæfir sig í úti-kennslu, á Ítalíu, sem er framarlega í upplýsingamennt, í Noregi, sem er mikið með sýnileika verkefna, fjórði skólinn er í Póllandi þar sem við lærum „lært í gegnum leik“ Game based learning, og svo erum við með Byrjendalæsið.

Verkefnið gengur nokkuð vel og nú stendur yfir innleiðing GBL eftir heimsókn okkar til Póllands. Vonandi verða nemendur varir við það þegar á nóvember líður að kennarar nýti það sem Pólland lagði til í verkefnið.

Traces of Europe verkefnið heldur áfram þar til vorið 2019 en þá lýkur verkefninu sem vonandi skilur eftir sig einhverjar hugmyndir handa kennurum sem leiða til nýrra kennsluhátta eða öðruvísi nálgunar á kennslufernið.

Traces of Europe merkið er utan á skólanum við innganginn í íþróttahúsið.



## Ný heimasíða leikskólans Hólmasólar á Akureyri.

Frá og með 1. nóvember var gömlu heimsíðu skólans lokað. Þá tekur alfarið við Karellensíðan og er slóðin: [holmasol.hjalli.is](http://holmasol.hjalli.is). Einnig er hægt að sækja karellen appið á netið og setja upp í síma ef menn kjósa það en það er einnig frábært.

## Nemendur með íslensku sem annað mál.

Gagnvirkur vefur í íslensku.

Fjölbreytt verkefnasöfn sem þjálfa ýmis atriði í málnotkun, orðaforða, stafsetningu og málfræði. Verkefni hafa verið valin m.t.t. námsþátta á hverju aldurstigi. <http://erlendir.akmennt.is/>

## Heimsókn 10. bekkjar Brekkuskóla í MTR.

Föngulegur hópur nemenda úr 10. bekk heimsótti Menntaskólann á Tröllaskaga til að kynna sér námsframboð og það flotta starf sem unnið er innan skólans. Nemendur voru mjög ánægðir með heimsóknina og fá nemendur og starfsfólk MTR þakkir fyrir góðar móttökur.



## Myndir augnabliksins eru frá alþjóðlega Bangsa deginum á Tröllaborgum.



Skóla-akur er vefþímarit sem gefið er út af fræðsluviði Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri. Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, [lindamaria@akureyri.is](mailto:lindamaria@akureyri.is). Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mánudaga.-miðvikudaga frá kl. 8-13. Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

## Sumarlokun leikskólanna á Akureyri 2018-2020.

### Sumarlokun 2018

25. júní – 20. júlí. Naustatjörn – Hulduheimar  
 2. júlí – 27. júlí. Iðavöllur – Pálmholt – Hólmasól – Tröllaborgir  
 9. júlí – 3. ágúst. Lundarsel – Krógaból – Kiðagil

### Sumarlokun 2019

24. júní – 19. júlí. Lundarsel – Krógaból – Kiðagil  
 1. júlí – 26. júlí. Naustatjörn – Hulduheimar  
 8. júlí – 2. ágúst. Iðavöllur – Pálmholt – Hólmasól – Tröllaborgir

### Sumarlokun 2020

9. júní – 24. júlí. Iðavöllur – Pálmholt – Hólmasól – Tröllaborgir  
 6. júlí – 31. júlí. Lundarsel – Krógaból – Kiðagil  
 13. júlí – 10. ágúst. Naustatjörn - Hulduheimar

## Lestur er lykill að ævintýrum.

Menntamálastofnun og Menntavísindasvið Háskóla Íslands standa fyrir ráðstefnunni *Lestur er lykill að ævintýrum* þann 18. nóvember við Háskóla Íslands í Stakkahlíð. Ráðstefnunni er ætlað að skapa vettvang fyrir sérfræðinga og fræðimenn til að kynna verkefni er lúta að læsi á leik- og grunnskólastigi. Aðalfyrirlesarar ráðstefunnar verða R. Malatesha Joshi, doktor í lestrar- og móðurmálaskennslu við Texas-háskóla í Austin, Rannveig Oddsdóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri og Sólveig Zophoníasdóttir, sérfræðingur við sömu stofnun.

Auk aðalfyrirlestra verða á dagskrá tólf málstofur þar sem m.a. verður greint frá læsi í leikskólum, samstarfi við foreldra, mikilvægi orðaforða, viðhorfi barna til lestrar og ýmsum árangursríkum aðferðum í námi og kennslu.

Setning ráðstefunnar er í höndum hr. Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands.

Sjá nánar á: <https://mms.is/frettir/lestur-er-lykill-ad-aevintyrum>



## Dagur gegn einelti - 8. nóvember.

Dagurinn er helgaður baráttunni gegn einelti í skólum. Börnin okkar eiga rétt á því að líða vel í skóla. Jákvæður skólabragur skiptir sköpum fyrir líðan og starfsgleði nemenda og starfsfólks og getur haft sömu áhrif og besta forvarnastarf. Til þess að svo megi vera þurfum við öll að leggja okkur fram og leggja áherslu á virðingu, samkennd, jákvæð samskipti og skilning. Aðalnámskrá grunnskóla og þemahefti um heilbrigði og velferð fjalla um andlega, líkamlega og félagslega þætti sem stuðlað geta að vellíðan nemenda. Hugum að þessum þáttum og leggjum okkar af mörkum til þess að í skólanum sé jákvæður bragur hafður að leiðarljósi og einelti og slæm samskipti þrífist ekki. Margir skólar og sveitarfélög hafa undanfarin ár gert ýmislegt í tilefni dagsins. Menntamálastofnun óskar eftir að fá að vita hvað skólarnir eru að gera í tilefni dagsins í ár, hvort sem verkefnið hefur fest sig í sessi eða það er nýtt.

Deilið endilega ykkar verkefnum á **#gegneinelti2017** og/eða sendið tölvupóst með upplýsingum á netangið: [annabjorg@mms.is](mailto:annabjorg@mms.is)

Sjá nánar á: <https://mms.is/frettir/dagur-gegn-einelti-8-november>

